Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÍSLE3BS05 Bókmenntir síðari alda Undanfari: ÍSLE3RN05
Kennari:	Þiðrik Örn Viðarsson
Önn:	Haustönn 2026
Áætlun unnin:	Sumar 2026

Markmið:	
Þekkingarmarkmið:	
Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á: • merkingu hugtakanna lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi þegar fjallað er um bókmenntir • áhrifum erlendrar menningarstrauma á íslenskar bókmenntir og málfar tímabilsins • nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins • textum frá tímabilinu og átti sig á einkennum þeirra • algengum bragreglum og helstu bragarháttum • algengustu stílbrögðum í texta, bæði bundnu máli og óbundnu • tökuorðum, slettur og slangri frá ýmsum tímum sögunnar • helstu baráttumönnum íslenskrar málhreinsunar frá tímabilinu og skilji hvað felst í hugtakinu hreintungustefna • vinni að bókmenntakynningum, m.a. til að vekja athygli á áhrifum tiltekinna menningarstrauma og –stefna á textana og málfarlegum einkennum þeirra	
Leiknimarkmið:	
Nemandi skal hafa öðlast leikni í: • að greina mismunandi einkenni bókmennta frá tímabilinu 1550-1900 • að tjá sig í ræðu og riti um valin verk og höfunda • að greina stílbrögð í texta • að átta sig á mismunandi bragarháttum og bragreglum	
Hæfnimarkmið:	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • fjalla um höfunda og verk tímabilsins í ræðu og riti • átta sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir	
sem metið er með:	Leiðsagnarmati.

Námsefni:	Bragi Halldórsson, Knútur Hafsteinsson og Ólafur Oddson. 2005:*Ormurinn langi.* Bjartur, Reykjavík. Þorgils gjallandi. *(*1996). *Upp við fossa. Iðnú.* Annað efni í samráði við kennara. Njörður P. Njarðvík. 2015. *Dauðamenn*. NB-forlag. Reykjavík

Námsmat: Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem nemandinn fær endurgjöf á það sem vel er gert ásamt ábendingum um það sem betur má fara. Við námsmatið er nýtt kennaramat, sjálfsmat og jafningjamat. Matið fer að stærstum hluta fram í kennslustundum og ekki er gefið að öll verkefni nemenda gildi til einkunnar.
Leitast er við að hafa námsmat sem fjölbreyttast til þess að sýna rétta mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemenda.

Athugið: Kennari áskilur sér rétt til þess að gefa einkunnina 0 telji hann að verkefni hafi verið unnið af öðrum en nemandanum sjálfum (t.d. gervigreind). Séu nemendur ósáttir við mat kennara geta þeir óskað eftir viðtali.

Prófseinkunn (15-30 %):	Kannanir – munnlegar og/eða skriflegar	15-30%
Verkefnaeinkunn (70-85%):	Verkefni úr *Orminum langa,* ásamt lokaverkefni Lestur og verkefni úr skáldsögum Athugið að 25% af einkunn flestra ritunarverkefna er fyrir réttritun og málfar. Því er mikilvægt að nýta tiltækar ritbjargir og handbækur.	45 - 60% 25%

Skipulag náms:

Námstilhögun:

Nám nemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og nemendur vinna ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Verkefnum er skilað á fjölbreyttan hátt og verður símat alla önnina. Ekki er þó gefið að öll verkefni sem nemandi skilar, gildi til einkunnar. Nánar um verkefni og yfirferð hverrar viku er hægt að sjá í kennslukerfinu (Moodle) en öll vinnan fer fram í gegnum kerfið. Mikilvægt er því að kunna að nota Moodle eða leita aðstoðar hjá kennurum og/eða samnemendum. Gerð er sú krafa að nemendur fari reglulega inn í kennslukerfið og lesi fyrirmæli og skilaboð sem þar eru sett.

Um skilafrest og vanskil:

Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum Það er því mjög mikilvægt að mæta í allar kannanir/próf og skila öllum verkefnum á réttum tíma. **Ekki** er tekið við verkefnum eftir auglýstan skilafrest. Sjá nánar reglur um skilafrest: https://www.fsn.is/is/namid/almennar-skolareglur/verkefnaskil

Um próf:

- Nokkrar kannanir verða í áfanganum og verða þær ýmist skriflegar og/eða munnlegar

Kennsluvikur - Haustönn 2025	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
Vika 34 17. - 23. ágúst	**18. ágúst – Kennsla hefst** **Lærdómsöld 1550-1750** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 11-80	
Vika 35 24. - 30. ágúst	**Lærdómsöld 1550-1750** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 11-80	
Vika 36 31. ágúst – 6. september	**Lærdómsöld 1550-1750** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 11-80	
Vika 37 7. - 13. september	**Lærdómsöld 1550-1750** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 11-80	
Vika 38 14. - 20. september	**Lærdómsöld 1550-1750** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 11-80	Lestur hefst á bókinni *Dauðamenn* eftir Njörð P. Njarðvík
Vika 39 21. - 27. september		*Dauðamenn* – áframhaldandi lestur **Upprifjun og munnleg könnun upp úr efni lærdómsaldar**
Vika 40 28.sept. - 4. október	**Upplýsingaröld 1750-1820** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 85-114	*Dauðamenn* – áframhaldandi lestur
Vika 41 5. - 11. október	**Upplýsingaröld 1750-1820** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 85-114	Könnun upp úr bókinni *Dauðamenn*
Vika 42 12. - 18. október	**Rómantíska stefnan 1820-1900** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 119-158	
Vika 43	**Rómantíska stefnan 1820-1900**	

19. – 25. október	*Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 119-158	
Vika 44 26. október - 1. nóvember	**Rómantíska stefnan 1820-1900** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 119-158	
Vika 45 2. - 8. nóvember	**Rómantíska stefnan 1820-1900** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 119-158	
Vika 46 9. - 15. nóvember	**Upprifjun og könnun úr rómantík**	Lestur hefst á bókinni ***Upp við Fossa*** eftir Þorgils gjallandi (Jón Stefánsson) Bls. 17-51 (kaflar 1-8)
Vika 47 16. - 22. nóvember	**Raunsæisstefnan 1882-1900** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 158-273	Upp við fossa bls. 51- 98 (kaflar 8-14.)
Vika 48 23. - 29. nóvember	**Raunsæisstefnan 1882-1900** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 158-273	Upp við fossa Bls. 98-149 (kaflar 14-21)
Vika 49 30 nóv. - 1. desember	**Raunsæisstefnan 1882-1900** *Frá lærdómsöld til raunsæis* bls. 158-273	Upp við fossa Bls. 149-205 (kaflar 21-32)
Vika 50 7. - 13. desember		**Könnun úr Upp við fossa**
Vika 51 14. - 20. desember	**JÓLAFRÍ**	
Vika 52 21. - 27. desember	**JÓLAFRÍ**	